

Dags. fundar: 7. júlí 2011	Tími: 17:15	Nr. fundar: 12
Fundarboðari: Gunnlaugur Þráinsson.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Sundlaugin Laugardal

Efni fundar:

1. *Kosning dómara ársins*
2. *AMÍ.*
3. *Dómari á Olympíuleika 2012.*
4. *Önnur mál.*
 - a. *Gisting og samstaða dómara á mótum.*
 - b. *Yfirdómaranámskeið.*
 - c. *Netfang.*

Viðstaddir: Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Ólafur Baldursson, Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Steinunn Einarsdóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Dagskrá:

1. Farið var yfir tæknilega útfærslu á rafrænni kosningu á dómara ársins. Nefndin mun leggja til breytingar á því verklagi og verður kosið rafrænt í kringum ÍM25 sem haldið verður 10.-13. nóvember n.k.
2. Allir dómamarar nefndarinnar nema Ingibjörg voru á AMÍ á Akureyri. Að mati þeirra þyrfti margt að endurskoða í skipulagi mótsins sem snýr að tæknimálum, t.d. hefur yfirtímavörður enga yfirsýn yfir sundlaugin, þ.e. sér ekki hvenær sundi lýkur. Einnig var enginn strimlavél sem sýndi „backup“ tíma sundmanna og engar handvirkar klukkur voru á brautunum og kom það fyrir að engir tímar skiluðu sér inn í kerfið. Sumir mótshlutanna drógust og varð því dagurinn langur fyrir mjög marga sundmenn. AMÍ 2011 verður haldið í Reykjanesbæ.
3. Borist hefur erindi til SSÍ þar sem því er boðið að tilnefna dómara og ræsi frá Íslandi á Olympíuleikana 2012. Sá dómari verður að koma af FINA listum 15 og 16. Nefndin velti fyrir sér þáttöku íslenskra sunddómara á svo stóru móti og en stjórn SSÍ sér alfarið um þessa tilnefningu.
4. **a.** Eftir mjög góða reynslu af því að dómamarar fengu kennslustofu í Brekkuskóla til að gista í á meðan AMÍ stóð yfir er eindregið mælt með að þessi möguleiki verði skoðaður fyrir dómara almennt þegar stærri sundmót eru haldin. Myndi þetta eflaust þjappa dómurum betur saman og jafnvel að hópurinn færi saman út að borða í lok móta t.d. á lokahóf á ÍM25. Lagt er til að stofnaður verði Facebook hópur sem verður lokaður fyrir sunddómara.

b. Gunnlaugur leggur til að haldið verði yfirdómaranámskeið á komandi sundári, t.d. í tengslum við ÍM25. Ingibjörg mun fara yfir stigalista dómara síðustu tveggja sundára til að skoða hvaða almennir dómarar ættu rétt á að sitja þannig námskeið.

c. Enn er verið að kanna möguleika á að nefndin fái sérstakt netfang en þangað geti dómarar beint fyrirspurnum, umsóknum, mótaskýrslum o.fl.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Facebook hópur	SRE	Sem fyrst.
Netfang fyrir dómaranefnd	ÓB	Sem fyrst.
Klára að setja upp rafræna kosningu	SE,IELS	Haustið.
Nöfn og stig dómara vegna yfirdómaranámskeiðs	IELS	Haustið.

Fylgiskjöl: Engin.

Fundi slitið: kl. 18:20.

Næsti fundur: miðvikudaginn 31. ágúst n.k. kl. 17.15 í Laugardalnum.